

ÞRÝSTIPRÓFANIR LAGNA

Skjal nr.

EBL-0071



Fyrirtæki:	Gallon ehf.	Staðsetning:	Þrýstiprófun á fæðilögn til Eskju		Dags. prófuna:	23.05.2023	
Prófunarlota:	1 & 2	Prófunarþrýstingur:	10	Bar	Prófunartími:	4	Klst.

Pípur sem prófaðar eru í þessari lotu:

Kerfisnúmer	Stærð pípu	Vinnubr. Bar	Notkun	Veggþykkt mm	Prófað með	
					Vatn	Annað
	2"	1	gasolia til Bræðslu		Já <input type="checkbox"/> / Nei <input checked="" type="checkbox"/>	Gasolia
					Já <input type="checkbox"/> / Nei <input type="checkbox"/>	

Munur á milli hæsta og lægsta punkts á pípu:	5	Metrar
Hefur verið farið yfir öryggisreglur:	Já <input checked="" type="checkbox"/> / Nei <input type="checkbox"/>	
Hafa verið gerðar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja öryggi á svæðinu:	Já <input checked="" type="checkbox"/> / Nei <input type="checkbox"/>	

Meðfylgjandi gögn

Þrýsti og hitastigskráníng:	Já <input type="checkbox"/> / Nei <input type="checkbox"/>	Kvörðunarvottorð mæla:	Já <input type="checkbox"/> / Nei <input type="checkbox"/>
Kerfismynd:	Já <input type="checkbox"/> / Nei <input type="checkbox"/>	Bilanaskýrsla:	Já <input type="checkbox"/> / Nei <input type="checkbox"/>
Niðurstaða prófunar:	Samþykkt Já <input type="checkbox"/>	Hafnað Já <input type="checkbox"/>	

Athugasemdir:

Hitastig	23.5.23	11°C
Hitastig	30.5.23	10°C - 20°C
10:08	tappad af lögn, var kominn í	11 bar
10:32	tappad af lögn, 10,5 → 10 bar	
10:45	tappad af lögn, 10,5 → 10 bar	
11:07	11	10,5 → 10 bar
11:25	11	10,5 → 10 bar
11:40	11	10,6 → 10 bar

Undirskrift framkvæmdaaðila:

Gudmundur Hinrik

Undirskrift eftirlitsmans:

11:54 tappad af lögn 10,5 → 10 bar
 12:20 11 10,8 → 10 bar
 13:05 11 10,6 → 10 bar

ÞRÝSTIPRÓFANIR LAGNA

Skjal nr.

EBL-0071



Númer prófunarlotu: _____

m1 m2 m3

m1 m2 m3

Skráning hefst:		Tími:				Dags:				
Skráningu líkur:		1 Tími:				Dags:				
Nr.	Tími	Þrýstingur	Hitastig	Úthiti	Nr.	Tími	Þrýstingur	Hitastig	Úthiti	
			10:53				/	/		
			2	3			/	/		
4	1	10:53	2,5	2	3	24	13:15	10	10	10
x	2	11:00	5	4,6	5	25	13:23	10,25	10,25	10,25
	3	11:09	5	4,9	5	26				
	4	11:24	4,5	4,5	4,5	27				
y	5	11:30	5,5	5	5,5	28				
	6	11:36	6	5,8	6	29				
	7	12:07	6 6	6	6,25	30				
	8	12:35	6,4	6,1	6,5	31				
	9	12:50	6,5	6,4	6,6	32				
	10	13:10	6,5	6,1	6,5	33				
	11	13:25	6,5	6,1	6,5	34				
	12	Lotu	2	30.5.23		35				
	13	8:15	5,5	5,5	5,5	36				
	14	8:45	5,5	5,1	5,5	37				
	15	09:15	8,5	8,5	8,5	38				
	16	09:23	10,0	10,0	10,0	39				
	17	09:45	10,5	10,5	10,5	40				
	18	10:15	10,25	10	10,25	41				
	19	10:45	10,5	10,5	10,5	42				
	20	11:15	10,25	10	10,25	43				
	21	11:45	10	10	10	44				
	22	12:15	10,5	10,5	10,5	45				
	23	12:45	10,5	10,5	10,5	46				

Skráð af: _____




Lýsing á framkvæmd

Umsjónarmaður tilnefndur af fyrirtækinu skal sjá til þess að leiðbeiningum um framkvæmd og öryggismál sé fylgt og staðfesta það með undirskrift sinni.

Undirbúningur:

- Þessi verklýsing á við um allar þrýstiprófanir á lögnum sem framkvæmdar eru hjá fyrirtækinu eða á vegum fyrirtækisins.
- Þrýstimælur skulu vera með kvarða upp á 0,1 bar og vera kvarðaðir með löggildum búnaði. Ef þrýstimælur eru ekki kvarðaðir skal nota tvo samhliða mæla.
- Hitamælur skulu sýna hitastigsbreytingu upp á minnst 0,5 gráður og vera kvarðaðir af löggildum aðila. Ef hitamælur eru ekki kvarðaðir skal nota tvo samhliða mæla.
- Öryggisloki skal stilltur á 110% af prófunarþrýsting og skal prófaður áður en hann er settur upp.
- Unnt skal vera að stilla magn frá dælu til að tryggja hæga þrýstiaukningu.
- Meðfylgjandi teikning sýnir dæmigerðan búnað fyrir þrýstiprófanir



Framkvæmd:

Samkvæmt grein 35 í reglugerð nr 35 frá 1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi skulu lagnir í olíubirgðastöðvum vera prófaðar með vökva og a.m.k. 1,5 sinnum vinnuþrýstingi, en þó ekki minni þrýstingi en 10 börum og skal honum haldið í minnst 4 klst.

Í 60 grein er kveðið á um eftirfarandi " Á fimm ára fresti skal þrýstiprófa olíulagnir á landi.

Einnig gerir fyrirtækið kröfur um að nýjar lagnir séu prófaðar áður en þær eru teknar í notkun. Óheimilt er að hylja neðanjarðarolíulagnir fyrr en eftir úttekt eftirlitsaðila.

Framkvæma skal þrýstiprófun eftir viðurkenndum reglum og skal hún vottuð af byggingarfulltrúa eða öðrum viðurkenndum úttektaraðila

Starfsmönnum skal kynnt ítarlega hvaða hluta stöðvar á að prófa hverju sinni og hver hámarks prófunarþrýstingur er.

- Tryggja skal að allir séu meðvitaðir um sitt hlutverk ef eitthvað fer úrskeiðis með vísan til viðbragðsáætlunar viðkomandi stöðvar.
- Tryggja skal góð samskipti meðan á prófun stendur td. með talstöðvum eða farsímum.
- Setja skal upp skilti við prófunarstað sem gefur til kynna að prófun sé í gangi og að öll óviðkomandi umferð sé bönnuð.
- Meðan verið er að byggja upp þrýsting í viðkomandi pípum og í 30 mín á eftir skal mynda öryggissvæði sem nær 30 m frá þeim pípum er verið er að prófa. Sé slíkt af einhverjum ástæðum



ekki hægt skal eftirlitsmaður meta hvaða ráðstafanir skal gera til að tryggja öryggi gagnvart starfsmönnum stöðvarinnar og utanaðkomandi aðilum.

- Þegar þrýstingi er hleypt af kerfinu eftir prófun skal hraði þrýsti minnkunar ekki vera meiri en 1 bar/mín.
- Allur búnaður sem notaður er við þrýstiprófanir skal vera prófaður við minnst 15 bara þrýsting.
- Tryggja skal að allir sem vinna innan viðkomandi stöðvar viti af prófunum og hvað beri að varast meðan á þeim stendur.
- Gera þarf strangari kröfur um aðgang að svæði meðan á prófun stendur.
- Áður en prófanir hefjast skal umsjónarmaður kynna öryggisreglur fyrir þeim sem að prófunum koma ásamt því að skilgreina hlutverk hvers og eins við framkvæmdina. Gera skal ráðstafanir ef þarf að fjarlægja eða einangra viðkvæm tæki sem ekki eru gerð fyrir prófunarþrýstinginn.
- Koma skal fyrir útloftun í hápunktum á lögnum þar sem þess er þörf.
- Byrja skal á því að koma fyrir tækjum, lokum, mælum og öðru er nota skal við framkvæmd þrýstiprófunar, að því loknu skal ganga á alla loka og tryggja að þeir séu í réttu stöðu.

Þegar umsjónarmaður hefur staðfest að ofangreindum skilyrðum sé fullnægt, skal hefjast handa við þrýstiprófun.

- Fylla þann hluta pípunnar er prófa skal með vökva. Um leið og þrýstingur tekur að byggjast upp skal stoppa og tryggja að allt loft hafi verið tæmt úr pípunni.
- Þegar tryggt er að allt loft hafi verið tæmt úr pípunni skal bíða þar til hitastig vökvans hefur náð umhverfishita.
- Auka skal þrýsting upp í 5 bör (ath. Varast skal að auka þrýsting of hratt til að koma í veg fyrir þrýstihögg). Beðið í 30 mín og pípan skoðuð.
- Ef hvergi kemur fram leki þá er þrýstingur aukinn í 8 bör. Beðið í 30 mín og pípan skoðuð.
- Þrýstingur aukinn mjög hægt upp í 10 bör. Beðið í 1. klst, pípan skoðuð og búnaður aftengdur.
- Ef ekki er um að ræða sírita sem skráir þrýsting og hitastig þarf að fylgjast með og skrá niður viðkomandi gildi með 30 mín millibili. (sjá skráningarblað)
- Eftir að prófunartími (4 klst. við 10 bara þrýsting) er liðinn skal eftirlitsmaður athuga hvort þrýstingur hafi fallið eða hvort pípan hafi staðist prófið. Standist pípan ekki prófið skal skoða pípana vandlega til að staðsetja bilunina og skrá ástæður hennar á þar til gert eyðublað.
- Að lokum skal þrýstingi létt rólega af pípunni og hún tæmd og hreinsuð.
- Ef notað hefur verið vatn við prófunina skal leiða það í gegnum olíuskilju þegar það er tæmt úr lögnum til að varna því að mengun berist í jarðveg eða frárennsli.